



Heilsuleikskólinn Laufás

„Það er leikur að læra“

Ársskýrsla 2020 – 2021



Heilsuleikskólinn Laufás, Hlíðargata 1, 470 þingeyri

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Laufás	3
Fjöldi deilda og nemenda	3
Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll	4
Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar	4
Endur- og símenntunaráætlun	5
Upplýsingar um sjálfsmat	6
Sérkennsla	7
Samstarf við Grunnskólann á Þingeyri	8
Dægradvöl	8
Mötuneyti	8
Foreldrafélag og foreldraráð	9
Foreldrafundir	9
Foreldraviðtöl	10
Starfsmarkmið 2020 – 2021	10
Starfsáætlun 2020 – 2021	13
Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum	16
Fjárhagsáætlun	17
Lokaorð	19

Inngangur

Í ársskýrslu leikskólans Laufás fyrir skólaárið 2020-2021 er farið yfir helstu þætti starfsins. Fjallað verður m.a. um skólahaldið, niðurstöður um hvernig tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum, fjölda nemenda, fjölda kennara, stöðugildi og forföll. Tenglar vísa á ítarlegra efni í sumum köflum.

Laufás

Leikskólinn Laufás var formlega opnaður 19. nóvember 1988. Hann var byggður sem tveggja deilda leikskóli. Leikskólinn fékk mótuneytiseldhús árið 2006 og hefur séð um mótuneytisþjónustu við Grunnskólann á Þingeyri síðan. Tekin var upp [Heilsustefna](#) í leikskólanum árið 2007 og fékk Laufás formlega viðurkenningu sem Heilsuleikskóli þann 29. september 2008. Laufás er opinn alla virka daga frá 7:45 – 16:15. Einkunnarorð Laufás er:

ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA

Fjöldi deilda og nemenda

Í Laufási er starfrækt ein deild sem skipt er í 3 aldurskipta hópa, 1 árs, 2-3 ára og 4-5 ára.

Boðið er upp á 4 - 8.5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls:
2015	1	1	2
2016	3	4	7
2017	0	2	2
2018	0	3	3
2019		2	2
2020	2	0	2
			18

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni

Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll

Í haust þegar leikskólinn hóf aftur störf eftir sumarleyfi voru starfsgildin 4,83. Í október þurfti að hækka þau upp í 6,4 vegna fjölgunar barna. Launaáætlun stóðst ekki vegna þessa og unnið er að viðauka í þessum töluðu orðum. Leikskólastjórinn stýrir einnig Grunnskólanum á Þingeyri og er í 100% starfshlutfalli. Við leikskólann starfar einn deildarstjóri, einn starfsmaður með háskólapróf, einn leikskólaliði, einn ófaglærður starfsmaður og einn starfsmaður hefur lokið diplómu í leikskólakennarafræðum. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda séu á höndum þeirra er lokið hafa tilskyldu námi í menntunarfræðum. Auglýst hefur verið árlega eftir menntuðu starfsfólki en það hefur því miður ekki gengið eftir. Í mötuneyti starfar einn starfsmaður í 0,9 stöðugildi. Vegna ytra mats var ræsting tekin út á starfstíma og sinnir starfsmaður leikskólans ræstingum utan opnunartíma leikskólans.

Töluverður óstöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum miðað við stærð vinnustaðarins, nokkrir nýir starfsmenn hafa byrjað í vinnu og staldrað stutt við. Einn starfsmaður tók út orlof í maí og annar fékk að safna upp vinnustyttingu til að sinna sauðburði. Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi. Það var töluvert álag á aðra starfsmenn, auk þess sem afleysingarfólk var fengið til að koma inn, þegar hægt var.

Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar

Dagsetningar	Námskeiðs-,starfsdagar og fundir	
10. ágúst	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-12:30
21. sept.	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
16. okt.	Námskeiðsdagur/starfsdagur	Leikskólinn lokaður
23. nóvember	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
4. janúar	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 10:00-12:00
8. febrúar	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
15. mars	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 8:00-10:00
6. apríl	Starfsmannafundur	Fundur frá kl. 10:00-12:00
23. apríl	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
14. maí	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður

2. júlí	Frágangur	Frá kl. 13:00-15:00
---------	-----------	---------------------

Á fundi Fræðsluráðs Ísafjarðarbæjar, 22. ágúst 2019, var gerð grein fyrir niðurstöðum starfshóps um leikskólamál. Þar var m.a. lagt til að gert væri ráð fyrir að 10 sinnum yfir veturinn væru starfsmannafundir á opnunartíma leikskólans, tvær klukkustundir í senn og leikskólanum væri lokað meðan á fundi stæði. Lögð var áhersla á að leikskólar bæjarins myndu breyta skóladagatali til að mæta þessum tillögum og var það gert. Fundirnir voru nýttir til skrafs og ráðagerða um starfið, það sem framundan var sem og að vinna að Gæðagreini. Reynt var að hafa fundina ekki alltaf á sama vikudeginum, en eftir könnun á meðal foreldrahópsins nú í vor verða þeir alltaf á mánudögum, á næsta starfsári. Foreldar komu því til okkar að það myndi henta að ljúka degi fyrr og voru flestir fundir fyrir komandi skólaár hafðir kl. 14-16 til að koma til móts við þarfir foreldra.

Sameiginlegur námskeiðsdagur hjá leikskólum litlu skólana í Ísafjarðarbæ féll niður vegna takmarkana á skólastarfi. Eðlilega komu takmarkanir vegna C-19 niður á samstafi og heimsóknum við aðra skóla.

Endur- og símenntunaráætlun

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Í samræmi við stefnu Ísafjarðarbæjar er starfsfólk á Laufási hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína, lesa greinar og kynna sér nýjungar. Auk þessa eru starfsdagar og starfsmannafundir nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir. Nokkrir starfsmenn tóku námskeið í gegnum netið m.a. í málþroska og stærðfræði. Margir fyrirlestrar eru nú í boði á veraldarvefnum sem gefur starfsfólki möguleika á að efla fagþekkingu sína.

Reynt var að mæta óskum starfsmanna um endurmenntun. Sóttu allir starfsmenn námskeið í Tákn með tali en markmiðið er að taka það upp markvisst til að koma til móts við þarfir nemenda. Sóley Veturliðadóttir sinnti því námskeiði og er tilbúin til að koma aftur til okkar í haust. Starfsmenn sátu kynningu og fyrirlestur hjá ósk.is með það að markmiði að efla sjálfstyrkingu og vellíðan ásamt því að hrósa hvort öðru. Það heppnaðist ekki nógu vel en við gátum hlegið að því eftir á. Einnig sátum við námskeið hjá Janne Kristensen í Enneagram með þeim tilgangi að þekkja betur okkur sjálf og týpunar í kringum okkur. Námskeiðið var mjög gott, hvetjandi og eflandi fyrir starfsandann í leikskólanum þar sem ólíkar týpur vinna saman.

Upplýsingar um sjálfsmat

Heilsubók barnsins er eitt helsta matstækið á Laufási. Tvisvar á ári er skráð staða hjá hverju barni fyrir sig, varðandi helstu þroskaþætti sem og geta hjá börnunum. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári.

Gátlisti heilsustefnunnar var lagður fyrir starfsfólk á starfsdegi. Markmið gátlistanna er að skólarnir merki inn á þá og fái þá sýn á hvernig þeir eru að framfylgja helstu viðmiðum og markmiðum heilsustefnunnar ([Gátlistar heilsuleikskóla](#)). Starfsmenn skiptu sér í tvo vinnuhópa og tóku þátt í að fylla út listann, ásamt því að eiga samtal um hvern þátt á listanum. Túlka má niðurstöður gátlista heilsustefnunnar á þann veg að Laufás standi sig nokkuð vel hvað varðar flesta þætti á listunum. Sum atriði gátu starfsmenn illa metið þar sem skorti upplýsingar og eða starfsfólk þekkti ekki til vegna þess að þeir voru nýir í starfi. Helstu niðurstöður:

- Tengja val námskeiða við stefnuna m.a. þróun leiks, efla sjálfsöryggi barna
- Bjóða upp á ávexti oftar en einu sinni á dag
- Fræðsla um hollustu og mikilvægt að það sé jákvæð umræða um matinn í matartímum.
- Athuga trefjainnihald í brauði sem er boðið upp á.
- Athuga að aðgengi fyrir skapandi efnivið í listsköpun og geti farið ólíkar leiðir
- Hreyfinámskeið fyrir starfsfólk, hvetja til meiri þátttöku starfsfólks í leikjum, hvetja starfsfólkið sjálft til hreyfingar í frítíma og fl.
- Fræða foreldra betur um heilsustefnuna

Sjá niðurstöður í fylgjiskjali 1

Hljóm-2 próf eru tekin á hverju ári hjá elsta árgangi leikskólans. Mikilvægt er að rýna í niðurstöður og vinna markvisst eftir þeim þ.e. skipuleggja starfið út frá því.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður sem skráðar eru í Heilsubók barnsins og þeim gefinn er kostur á að ræða einslega við hópstjóra og stöðuna á leikskólanum hverju sinni.

Gæðagreinir (e. How good is our school?) er nýttur til að meta starfið í leikskólanum, starfsmannafundir hafa verið nýttir til að fara yfir hvern þátt. Ekki gafst tími til að vinna gæðagreinir á liðnu skólaári. Lögðum áherslu á að fara í gátlista heilsustefnunnar þar sem m.a. kynna þurfti stefnuna fyrir nýjum starfsmönnum.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári, hægt er að óska eftir þeim oft. Í vetur voru allir starfsmenn búnir að fara í viðtal fyrir páska.

Starfsmannafundir eru að meðaltali einu sinni í mánuði, til að skoða, meta, bæta og vinna í því að gera okkar besta hverju sinni.

Sérkennsla

Leikskóli á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að veita öllum sem þurfa mestan stuðning inni á deild eða í litlum hópum. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarerfiðleika eða ef barnið á mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp. Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu virkir þátttakendur innan hópsins.

Skimanir eru gerðar reglulega af Guðrúnu Birgisdóttur, leikskólafulltrúa, skimunaráætlun má finna á heimasíðu leikskólans. Ef niðurstöður þeirra gefa tilefni til frekari úrvinnslu eða þörf á stuðningi er unnið að einstaklingsnámskrá. Guðrún kemur að gerð þeirra og veitir ráðleggingar. Í vetur voru færri skimanir gerðar m.a. vegna takmarkana vegna C-19.

Trappa

Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur sinnti nemendum sem eiga rétt á talþjálfun samkv. Sjúkratryggingum Íslands. Tímarnir fóru í gegnum veraldarvefinn á vefsvæði sem Trappa rekur (karaconnect.is). Foreldrar stofna aðgang fyrir sitt barna með netfangi og lykilorði sem leikskólakennarar nota til að komast í tíma. Tímarnir eru alltaf á sama tíma fyrir hvert barn og 40 mín. í senn.

Samstarf við Grunnskólann á Þingeyri

Brúum bilið er samstarfsverkefni á milli Laufás og Grunnskólans á Þingeyri. Markmiðið er að skapa samfellu á milli náms barna í leik- og grunnskólanum. Einnig að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á. Í þessu augnamiði er gerð samstarfsáætlun að hausti sem felur í sér gagnkvæmar heimsóknir á milli skólanna. Vegna fámennis var aukið við heimsóknir 5 ára barna í grunnskólann. Nemandi sem var bara einn eftir páska tók sem dæmi þátt í sundnámskeiði með 1. bekk (13 skipti).

Elstu börnin á leikskólanum taka einnig þátt í árshátíð grunnskólans með því að vera með eitt atriði á skemmtun sem haldin er í félagsheimili Þingeyrar. Yngri börnin eru áhorfendur. Í ár sungu nemendur „Ég er furðuverk“ sem lokaverkefni í þema um líkamann.

Dægradvöl

Dægradvöl við Grunnskólann á Þingeyri er starfrækt í Heilsuleikskólanum Laufási og er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en við sérstakar aðstæður er möguleiki á að eldri nemendur fái vistun. Skólarnir gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna dægradvalar hvað varðar heimanám grunnskólanemenda. Samningurinn byggir á sameiginlegri ákvörðun skólanna og forráðamanna.

Á liðnu skólaári var enginn sem nýtti sér dægradvölin.

Mötuneyti

Á Laufási er eldað fyrir leik- og grunnskólann. Maturinn fyrir grunnskólann er fluttur frá leikskólanum í hitakassa yfir í grunnskólann. Nýr matráður tók til starfa í ágúst 2020 vegna

fæðingarorlofs. Í byrjun gat hann leitað til fyrri starfsmanns, til að komast inn í starfið og fá aðstoð við verk matráðs. Í lok maí kom matráður úr fæðingarorlofi og kláraði fram að sumarfríi sem hófst 2. júlí. Auglýsa þarf fyrir stöðu matráðs fyrir næsta skólaár. Annað sem tengist mötuneytinu er uppvottavélin sem komin er til ára sinna, það er komið í ferli og verður vonandi komið í lag fyrir næsta skólaár.

Foreldrafélag og foreldraráð

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði Laufáss eru þrír foreldrar. Laufás er fámennur leikskóli og frá því að reglur voru settar um að við hvern leikskóla skuli vera starfrækt foreldraráð var tekin ákvörðun að sömu aðilar væru í foreldraráði og Foreldrafélagi Laufáss.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélagið hefur verið í góðu samstarfi við skólann og m.a. farið yfir skóladagatal áður en það var sent til fræðslunefnd til umsaganir. Foreldrafélagið hefur séð um jólagjafir fyrir börnin.

Í stjórn foreldraráðs- og félags, skólaárið 2020-2021, voru Magdalena Kuszaj, Bryndís Eva Garðarsdóttir og Kolbrún Ósk Ísleifsdóttir.

Foreldrafundir

Samkvæmt hefðinni hefur leikskólinn haldið einn foreldrafund að hausti þar sem starfsemi og nám vetrarins er kynnt. Einnig er venjan að kosið sé í Foreldrafélagið á þessum fundi. Vegna C-19 og takmarkana var ekki unnt að halda þennan fund. Ekki var farið í að halda fund í gegnum netið en hefði vissulega verið þess virði að reyna það svona eftir á að hyggja. Leitað var til foreldra sem höfðu ekki setið í stjórn foreldrafélagsins áður. Leikskólinn og foreldrar eru í tengslum í lokuðum hóp á facebook. Samstarfið hefur gengið vel og allir foreldrar

boðnir og búnir til að aðstoða við starfið, spyrja og vera í sambandi við starfsfólk varðandi starfið.

Foreldraviðtöl


Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið að hausti og vori. Foreldrar fengu val um að hafa viðtölin í gegnum netið eða í gegnum síma. Í foreldraviðtölum er foreldrum greint frá skráningu í heilsubók barnsins sem heldur utan um þroska barnsins. Auk þess er farið yfir þætti sem varða líðan og nám barnanna í leikskólanum. Viðtölin efla og styrkja samvinnu skóla og heimilis.

Starfsmarkmið 2020 – 2021

Samkvæmt [Aðalnámskrá Leikskóla](#) ber leikskólum að að nýta aðalnámskrána sem leiðarvísi í starfinu. Þar kemur m.a. fram að stærsta hlutverk leikskólans sé að sjá til þess að börnunum líði vel ásamt því að sinna uppeldi og umönnun. Einkunnarorð leikskólans eru: *ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA* sem er leiðarvísir að öllu starfi.

Starfsmarkmiðin eru:

- auka gleði og vellíðan
- leggja áherslu á hreyfingu
- holla næringu
- gæði í samskiptum
- listsköpun í leik og starfi



„Skrifað með blómum“

Gleði og vellíðan

Ýmsar leiðir eru farnar í endurmati en fyrst ber að nefna heilsubók barnsins, *Það er leikur að læra*, sem er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með skráningu á ýmsum þáttum sem varða nám og þroska barnsins. Skráð er í heilsubók barns tvisvar á ári, að hausti og vori. Veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks samnings þar að lútandi. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; daglegar venjur,

leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni). Unnið er eftir niðurstöðum hvers og eins einstaklings til að ná settum markmiðum. Ekki er lengur skráð hæð og þyngd vegna persónuverndarlaga.

Vel gekk að ná markmiðum þar sem vel var að staðið að skipulagi og markmiðin eru þannig uppbyggð að allir eru glaðir og líður vel í notalegu og hvetjandi umhverfi.

Markmiðið var að taka upp rafræna heilsubók á vegum Heilsustefnunnar í vetur, það tókst ekki en vinna er hafin við skráningar og ætti því að vera hægt að byrja strax næsta haust að vinna með rafræna heilsubók barns. Nokkrir heilsustefnu skólar hafa verið að prufukeyra kerfið og kemur það vel út.

Hreyfing

Í Laufás er markvisst unnið með hreyfingu. Markmiðið er að tryggja hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðinu er að farið er í íþróttahús staðarins einu sinni í viku, lögð er áhersla á útivist í valstundum á útvistarsvæði við leikskólann sem er vel útbúin til að örva og efla grunn hreyfifærni, auk þess sem elsti hópur (skólahópur) fer á sundnámskeið að vori. Tveir elstu hóparnir eru í skipulögðu útinámi í hverri viku. Útinám fer fram í fjölbreyttu nærumhverfi skólans. Náttúran er allt um kring ásamt fjölbreyttu lífríki til að rannsaka og efla færni til framtíðar.

Vel gekk að uppfylla markmið hreyfingar og var alltaf farið einu sinni í viku í íþróttahúsið, einnig er daglega farið út, ef veður er vont er útiveran styttri. Eins hefur útinámi fest sig í sessi sem einn af grunnþáttum skólastarfsins. Elsti árgangurinn fór í sundkennslu sem var í umsjón skólastjóra, að vori. Notast er við gátlista í heilsudagbók til að meta bæði fín- og grófhreyfingar hjá börnunum.

Holl næring

Á Laufási er stuðlað að góðum matarvenjum og hollustu. Þess er gætt að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og stuðst við lýðheilsuráðleggingar. Vatn er ávallt aðgengilegt fyrir börnin og

starfsmenn. Lítið er keypt af unnum kjötvörum, og brauð eru oft bökuð á staðnum. Fylgt er eftir ráðleggingum manneldisráðs varðandi matseld. Börnin fá lýsi, fiskur er minnst 2x í viku.

Stuðst er við matseðla sem eru yfirfarðir af næringarfræðing.

Matráður heldur skrá yfir alla matseðla og fer yfir þá reglulega til að bæta, auka grænmeti og hollusturétti eftir því sem við á.

Gæði í samskiptum

Unnið er með Vináttu, oft kallað Blær, sem er á vegum Barnaheilla. Það er lögð áhersla á góðan skólabrag og unnið út frá fjórum grunngildum: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Einn starfsmaður leikskólans hefur sótt námskeið á vegum Barnaheilla sem er forsenda þess að unnið sé með efnið. Fyrirhugað er að fleiri sækji námskeið í haust (ekki þarf lengur að fara, hægt er að sækja námskeið á netinu).

Listsköpun í leik og starfi

Samkvæmt heilsustefnunni sem unnið er eftir á Laufási hefur barn mikla þörf fyrir að skapa og gerir það allar stundir í leik sínum. Það að vinna út frá eigin forsendum og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska alla hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barns og næmi fyrir umhverfinu. Á Laufási er lögð áhersla á að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið og endurnýtingu. Á leikskólanum er allt rusl flokkað og taka börnin þátt í því.



„Útskrift á sumarhátíð 2.júlí 2021“

Starfsáætlun 2020 – 2021

Skólaárið 2020-21 var unnið með tvö megin þema „líkaminn minn“ og „landið mitt Ísland“ og það tengt inn á alla námsþætti að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna.

Markmiðin með þemanu „líkaminn minn“:

- Að barnið þekki helstu líkamshluta líkamans
- Að barnið kynnist innri starfsemi líkamans
- Að barnið þekki ytri parta líkamans (hár, nef og svo framvegis.)
- Að barnið þekki í megin atriðum starfsemi líkamans
- Að barnið viti hver eru mikilvægustu líffærin (hjarta, lungu og heili t.d.)
- Að barnið læri að við höfum tilfinningar og mismunandi skynfæri
- Að barnið átti sig á því að við erum öll mismunandi í útliti og lögun
- Að barnið skilji hvað er megin stoðkerfi líkamans (beinagrindin + vöðvar)

Þær leiðir sem voru farnar til að ná fram markmiðunum:

- Textar / lög sem tengdust líkamanum
- Ýmiskonar listsköpun þar sem lögð var áhersla á líkamann
- Út prentaðar myndir af líkamanum og uppbyggingu hans
- Elstu börnin fengu að skoða lambshjarta og krufðu það með kennara
- Bækur voru lesnar í samverustundum og hvíld
- Horft á stutt myndbönd sem tengdust starfsemi líkamans
- Horft var 1x á teiknimynd um starfsemi líkamans

Markmiðin með þemanu “landið mitt Ísland”:

- Að barnið þekki nærumhverfið sitt, bæinn og sveitina
- Að barnið þekki Dýrafjörð og sveitabæina í honum
- Að barnið þekki helstu fjöllin í firðinum
- Að barnið fái að upplifa landbúnað og fái m.a. að smakka afurðir
- Að barnið læri heiti húsdýranna og hljóð þeirra
- Virðing fyrir náttúrunni og umhverfisvernd
- Kynna dýrin sem eru á svæðinu. Unnið verður ítarlega með hvert dýr
- Atvinnugreinar í firðinum kynnt
- Að barnið átti sig á stöðu Íslands á hnettinum
- Að barnið viti hvar Vestfirðir eru á Íslandi

Þær leiðir sem voru farnar til að ná að markmiðunum:

- Textar/lög sem tengjast Dýrafirði og húsdýrunum
- Farið er í sveitaferð o Farið var í vettvangsferðir í fjöruna og í nærumhverfi leikskólans og lífríkið skoðað t.d. selirnir og fuglarnir.
- Notast við kort, hnött og myndir af Íslandi, heiminum og svæðinu

- Ýmiskonar list sköpun þar sem áhersla er lögð á sveitina og húsdýrin
- Unnið úr endurnýtanlegu efni
- Fylgst var með útungun hænuunga (útungun tókst í 3 tilraun)
- Settur upp hænsnakofi þar sem nokkrar hænur koma til með að búa

Bækur sem voru lesnar í samverustundum og hvíld voru tengdar við þemað sem áttu við hverju sinni og það sama átti við um lög og þulur sem tengdust því á einhvern hátt. Farið var í vettvangsferðir þar sem þemað var tengt útinámi. Inn í þemað var síðan fléttað þáttum sem tengjast grunnstoðum menntunar. Grunnstoðir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru:

- Læsi í víðum skilning
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Unnið hefur verið að því að innleiða læsisstefnu Ísafjarðarbæjar þar sem áhersla er á læsi í víðum skilningi til að efla færni barnanna og verður þeirri vinnu haldið áfram. Aðaláhersla var lögð á að auka orðaforða og málskilning barnanna með markvissri málörvun í daglegu starfi og leik. Í skóladagatali er einn dagur sem helgaður er lestri sem við notuðum til að örva áhuga á bókalestri og efla samstarfið við foreldra um þann þátt í læsi. Einnig var haldið lestrarátak sem stóð yfir fyrir og eftir páska í samfleytt u.þ.b. 3 vikur. Þar voru foreldrar hvattir til að lesa með börnunum heima og börnin skráðu niður með foreldrum hversu margar bækur voru lesnar og komu með nafn bókarinnar/anna með sér á leikskólann. Á leikskólanum bjór barnið til bókakjöl bókarinnar með nafninu og hengdi upp á vegg, þannig söfnuðum við bókunum saman sem lesnar höfðu verið yfir þessar 3 vikur. Einnig var tekið saman þær bækur sem börnin lásu í leikskólanum. Átakið var til þess að efla samstarf við foreldra og hvetja foreldra til að njóta þess að lesa með börnunum.

Þegar létta tók á takmörkunum í byrjun vors tókst okkur að reyna við útungun eggja, sem þó misheppnaðist í fyrstu tilraun. Einnig fengum við tækifæri til að fara í sveitaferð 28. maí 2021 út í Hóla sem að við nýttum okkur, og heppnaðist ferðin mjög vel. Þátttaka foreldra var mjög góð og áttu börn, foreldrar og starfsfólk hina ágætustu vorsamverustund í sveitinni.

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi sem ætlað er að vera grunnur læsisnáms ásamt því að leggja markvisst grunn að stærðfræðinámi. Á Laufási er unnið markvisst að því að efla læsi með markvissri málörvun hvort sem um er að ræða frjálsan leik, almenn samskipti eða samveru- og sögustundir. Einnig er unnið með markvissa málörvun daglega.

Markmið þessa verkefnis er að:

- Að auka við málskilning
- Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.
- Nota leiðir í daglegu lífi til að efla hugtakaskilning í stærðfræði (para saman, telja og flokka).
- Leika með form og tölur.

Almenn ánægja hefur verið með þessa vinnu, og hafa verið góðar framfarir meðal barnanna.

Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum

Nauðsynlegt er að merkja húsnaði skólans, núna er hann algjörlega ómerktur og því einungis staðkunnugir sem vita hvað leikskólinn heitir. Laga þarf þvottaðstöðu, þ.e. setja þvottavél og þurrkara á upphækkun til minnka líkamlegt álag á þann er sinnir þvotti.

Aðkallandi viðhalds verkefni:

- Laga gólfdukk undir uppvottavél.
- Fá nýja uppvottavél
- Setja nýja lýsingu í gang og anddyri.
- Mála gang og anddyri skólans.

- Það þarf að mála glugga og hurðir að utan.
- Laga þarf innkeyrslu fyrir framan, þar er gangstígur sem ekki þolir að það sé keyrt á. Það þarf að keyra þar til að sækja mat og koma með aðföng.
- Það þarf að laga aðkomuna að leikskólanum, það er að segja afgirti reiturinn þegar komið er að skólanum. Leggja hellur og búa til matjurtakassa.
- Það þarf að fara yfir Aðgerðaráætlun Vinnueftirlits og laga það sem fram kom að væri ábótavant á leikskólanum. Eitt af því er að fara yfir loftræstikerfið sem er í vinnslu og hefur verið frá haustmánuðum 2015.
- Nauðsynlegt er að brunavarnarkerfi verði komið í húsið. Nú er einungis brunaboðar sem duga skammt þegar engin er í húsi.

Viðhald á leikskólalóð:

- Mála leiktæki og kofa.
- Mála vegg (verkefnið komið af stað og hefur verið styrkt af verkefninu Ö.V.D).
- Laga þarf sandkassa, þ.e. endurnýja dúk og grind sem lokar honum þegar hann er ekki í notkun.

Fjárhagsáætlun

Vel tókst að halda fjárhag innan ramma fjárhagsáætlunar á þessu tímabili, utan launaáætlunar sem var vanáætluð. Í haust var lagt af stað með 4,83 stöðugildi en fjölgun barna gerði ráð fyrir samkvæmt leikskólalíkani 6,44 stöðugildum. Ekki var gerður viðauki vegna breytinganna en unnið er að því í þessum töluðu orðum. Barnafjölgun er jákvæð og lýtur allt út fyrir að börnin verði 20-21 á næsta ári.

Staða fjárhags í Sveitastjóra þann 30. júní 2021:

Hreyfing: 23.241.223 kr.

Áætlun: 15.736.458 kr.

Mismunur: -7.504.765



„Útikennsla, börnin á Laufási á víkingasvæðinu“

Lokaorð

Þrátt fyrir óvenjulegt skólaár á fordæmalausum tímum einkenndist skólaárið af jákvæðni, gleði og metnaði og viljum við halda áfram að vera framúrskarandi leikskóli sem styður við þroska og færni barna með áherslu á vellíðan. Að elska barn er að þekkja það sagði einhver.

Fjölmörg krefjandi verkefni einkenndu skólaárið, meðal annars takmarkanir vegna sóttvarna í Covid og skipulag vegna styttingar vinnuvikunnar. Við sluppum vel hér á Þingeyri og erum við þakklát fyrir það að ekki komu upp smit og lítið var um að fólk þyrfti að vera í sóttkví og starfið gekk nokkuð smurt fyrir sig. Stytting vinnuvikunnar og aukinn undirbúningstími leikskólakennara eru verðug verkefni fyrir næsta ár. Saman þarf að finna bestu leiðina til að bæta við fjórða klukkutímanum í vinnustyttingunni. Leiðin þarf að henta bæði starfsfólki og börnum. Ljóst er að álag jókst meira á aðra starfsmenn í vinnustyttingu sérstaklega þegar það voru veikindi.

Eftir árið er efst í huga þakklæti, fyrir öflugt og sveigjanlegt starfsfólk og gott samstarf við foreldra sem einkenndist af jákvæðni og samvinnu. Vonandi tekst okkur að manna þau störf sem losnuðu í sumar til að geta haldið áfram að efla færni til framtíðar næsta skólaár. Ungarnir veittu börnunum mikla gleði og kartöflur vaxa nú aftur við Laufás og spennandi verður að taka þær upp með börnunum í haust.

Búið er að auglýsa eftir leikskólastjóra sem vonandi tekur til starfa strax í haust. Hlakka til áframhaldandi samvinnu Heilsuleikskólans Laufás við Grunnskólann á Þingeyri.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 32. starfsári Heilsuleikskólans Laufás.

Erna Höskuldsdóttir, skólastjóri